



Nú er Gunna á nýju skónum
nú eru'að koma jól
Siggi er á síðum buxum
Solla á bláum kjól



Mamma er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat
Indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat





Pabbi enn í ógnarbasli
á með flibbann sinn
„Fljótur Siggi finndu snöggvast
flibbahnappinn minn“

Kisu er eitthvað órótt líka
út fer brokkandi
Ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi





Jólatré í stofu stendur
stjörnuna glampar á
Kertin standa á grænum greinum
gul og rauð og blá



Á borðinu ótal böggjar standa

- bannað að gægjast í

Kæru vinir, óskup erfitt

er að hlýða því